

Vel af sjer vikið

ÞAÐ ER bókin „Iceland and the Icelanders“ eftir dr. H. P. Briem, aðalræðismann í New York, sem jeg á við. Það er, í einu orði sagt, ljómandi bók, hvort sem lítið er á lesmálið, eða hinar fögru litmyndir eftir Vigfús Sigurgeirsson. Og prentið er svo mjög til fyrir-myndar; alveg laust við þennan galla, sem er að fá yfir-hönd, meir og meir; á íslensku um bókum og þó einkum blöðum, að prentsvertan sje svo spöruð, að eigi einungis er til stórlýta, heldur jafnvel alveg ólæsilegt á köflum.

Dr. H. P. Br. hefir tekist að koma fyrir í ekki löngu máli, alveg ótrúlega miklu af fróð-leik um efni bókarinnar, og framsetningin er snildarleg. Tök höfundarins á ensku máli eru frábær, að svo miklu leyti sem mín miklu ófullkomnari þekking á málinu leyfir mjer að dæma.

Það yrði langt mál, ef jeg ætti að nefna eitthvað til muna af því, sem mjer finst mikil á-stæða til að ljúka lofsorði á, en um gallana er fljótritað, og þó meiri nauðsyn að þeirra sje getið, vegna líklegrar endurút-gáfu á þessari ljómandi bók. Sjerstök ástæða virðist mjer til að benda á, að þar sem segir, á

s. 15—16: „Great areas are covered with tuff, which in many cases originates from volcanic ashes, and we do not know the age of this“, þá hefði það verið rjett nálægt aldamót unum síðustu, að ókunnugt væri um aldur þessara jarð-myndana, en nú er ekki svo, eftir að vitað er, að mikill hluti landsins er yngri en fyrsta. isöldin sem yfir þetta hnattsvæði hefir gengið. En þetta var ekki hægt að vita, fyr en það var sjeð, að mikið af íslensku bergi, sem talið var eldfjallamyndanir, og annars mjög torráðin jarð fræðileg gáta, er orðið til fyrir samstarf elds og iss. Eftir að það er sjeð, er óhætt að segja, að varla minna en 95 hundraðs hlutar ísaldatímabilsins á Íslandi hafi verið gersamlega ó-kunnir, begar prófessor Pór-valdur Thoroddsen lauk rann-sóknum sínum. Er þar fundin jarðsöguleg fróðleiksnáma; sem mjög hlýtur að auka áhuga á íslenskri jarðfræðirannsókn, en heita má, að óunnin sje ennþá að mestu. Verður þó vonandi ekki lengi svo úr þessu, þar sem nú er svo miklu auðveldara að rannsaka þennan svo afarmerkilega jarðsögubátt en áður var, og kostur nokkurra mjög vel hæfра ungra jarðfræðinga íslenskra, til að vinna það verk.

A s. 10 er afbræð skemtileg litmynd af Kirkjufelli við Grundarfjörð, og hefði þar mátt geta þess, að þetta svo fróðlega fjall er að langmestu leyti hlaðið upp af bergtegund um, sem yngri eru en fyrsta ísöldin hjer á landi; og hefði það fyrir ekki alllöngu þótt í mesta lagi óliklegt, að fjall, sem próf. Þoroddsen hafði kallað fyrirmynðar blágrytisfjall („et typisk Basaltfjeld“), mundi, jafnvel að bergenu til, reynast yngta en upphaf ísalda

tímabilsins hjer á landi. Virðist mjer ástæða til að geta þessa hjer að nokkru, af því að það er svo stórmerkilegt, jarðfræðilega, en hinsvegar ekki nægilega kunnugt; t. d. er i hinni nýu útgáfu af hinni miklu bresku alfræðibók (Encyclopaedia Britannica) ekki einu orði á það minst, en kaflinn, þar sem þessa ætti að vera getið, ritaður af algerðri vanpekkingu á hinni nýu jarðfræði Íslands. —

Lætnokkun
Lætnymeldur

Ekki get jeg skilið, að það muni vera rjett hjá höfundí þessarar ljómandi bókar, að skip landnámsmannanna hafi flest verið undir 50 setum á lengd og 10 á breidd. Þegar þess er gætt, að landnámsmenn höfðu með sjer kvíkfjenað, naut, hesta, sauðfje og fleira, sem vitanlega varð að ætla mikil af vatni og rúmfreku fóðri, auk þess sem margt folk virðist hafa verið á sumum skipunum, þá virðist varla hugsanlegt annað en að skipin hafi verið mun stærri en dr. H. P.

Br. gerir ráð fyrir. Byrðingar og knerrir munu notaðir hafa verið til þessa stórkostlega ferðalags, en ekki langskip. Þess er getið, að hætt hafi verið við að fara herferð til Íslands, af því að íslandshaf var talð litt fært langskipum.

Vænt þykir mjer um, að dr. H. P. Br. minnist loslega á hinn ágæta landfræðing, professor Ellsworth Huntington, sem svo vel hefir tekið eftir því, að íslenska þjóðin geti, fyrir ætternis sakir, verið likleg til að hafa eitthvað meira en í meðallagi til síns ágætis. Læru í bókinni af íslenskum börnum og öðru fólk. En þó mattti helst það finna að þessari ljómandi bók, að ekki skuli þar vera fleiri mannamyndir, og þá sjérstaklega af íslenskum æskulýð. En ekki er sá galli höfundinum að kenna, heldur íslenskum listamönnum, sem ekki virðast hafa áttáð sig á því ennþá eins og þyrfti, hvílkt verkefni það væri fyrir þá, að lýsa íslenskum æskulýð, sem, eftir að ástæður fóru að batna, sýnir oss á svo eftirtakanlegan hátt, að það muni ekki vera eintómur skáldskapur, sem i sögum segir af líkamsatgervi hinna fornu Íslendinga, og enn fremur gefur fyrirheit um, að þar muni jafnvel geta orðið farið fram úr, og það eigi alllitioð, ef framtíðin verður þannig, að þjóðin eigi þess nokkurn veginn kost, að þrifast eins og þarf.

1. febr.

Helgi Pjeturss